

**Grafarvogur**

Stærð: 0,7 km<sup>2</sup>

Sveitarfélag: Reykjavík

Umdæmi: Sýslumaðurinn í Reykjavík

Náttúruminjaskrá: 126

Verndartillaga: Búsvæði

Tillaga: Náttúrufræðistofnun Íslands<sup>1</sup> og Umhverfisstofnun<sup>2</sup>

**Mörk:**

Grafarvogur, leirur og fjörur neðan byggðar.

Mörk svæða eru sett fram með fyrirvara. Líta ber á þau sem hugmynd að mörkum sem nánar verður fjallað um við undirbúning friðlýsinga.



**Svæðislýsing:**

Grunnsævi, fjörur og leirur. Grafarvogur er einn mikilvægasti viðkomustaður farfugla, einkum vaðfugla, á höfuðborgarsvæðinu. Fuglalíf á svæðinu er fjölbreytt árið um kring og það er mikilvægur viðkomustaður farfugla, svo sem rauðbrystings. Þarna er einn af helstu viðkomustöðum jaðrakans á öllum Innnesjum. Fjöldi sendlinga að vori er vel yfir 1% af heildarstofnstærð. Í Botni Grafarvogs eru setlög með steingervingum. Volgrusvæði eru við Keldur. Svæðið hefur verulegt fræðslu- og útivistargildi.

**Eignarhald:**

Reykjavík.

**Núverandi landnotkun:**

Þéttbýli, vegur, frárennsli.

**Röskun, ógnir, úrbætur:**

Nálægð við byggð, fyllingar og aðrar framkvæmdir. Einnig mengunarhætta.

**Athugasemdir:**

Leirur í Elliðavogi og Gufunesvík hafa verið eyðilagðar og er því mikilvægi Grafarvogs enn meira.

## Forsendur fyrir verndun, viðföng og viðmið:

Fjölbreytt fuglalíf allt árið, viðkomustaður farfugla, leira.  
Útivistarsvæði með verulegt fræðslugildi.

### Lykiltegund: Rauðbrystingur

#### Almenn viðmið

Sjaldgæfar tegundir eða tegundir í útrýmingarhættu. Fágætar náttúruminjar									
Viðkvæmt fyrir röskun.				•					
Viðhald sterkra stofna eða náttúrulegra þróunarferla. Samfelldar, heildstæðar eða óraskaðar náttúruminjar									
Alþjóðlegt náttúruverndargildi. Alþjóðleg ábyrgð				•					
Vísinda-, félags-, efnahags- eða menningarlegt gildi	•			•					•
Einkennandi fyrir náttúruferla viðkomandi landshluta									
Sjónrænt gildi									

#### Sérstök ákvæði sbr. 37. og 39. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd

Eldvörp, gervigígar, eldhraun	Stöðuvötn og tjarnir, $\geq 1000 \text{ m}^2$	Náttúrulegir birkiskógar
Fossar	Mýrar og flóar, $\geq 3 \text{ ha}$	Skógar til útivistar
Hverir og heitar uppsprettur, hrúður og hrúðurbreiður	Sjávarfitjar og leirur	•

Fuglar:	Tegund	Fjöldi fugla	% af ísl.	% af evr. stofni	Ábyrgðar-tegund	Válisti	SPEC	Bernar-viðauki	Ályktun um búsvæðavernd
	Rauðbrystingur <sup>3</sup>	1.400	<1	<1	•		3	III	
	Sendlingur	800-1.000 að vori	-	-	•		4	II	
	Jaðrakan	Mikilv. viðkomust.	-	-	•		2	II	

**Jarðfræði<sup>4</sup>:** Setlög með skeljum eru í botni Grafarvogs. Í landi Keldna við ána eru volgrur,  $\leq 18^\circ\text{C}$ , sem er eini virki jarðhitinn svo nærri Reykjavík, þótt hitastigið sé ekki hátt.

**Menning:** Grjótgardur til að veiða laxa.

#### Heimildir:

<sup>1</sup> Ólafur Einarsson, Hörður Kristinsson, Kristinn Haukur Skarphéðinsson og Jón Gunnar Ottósson. 2002.

<sup>2</sup> Náttúruverndarráð. 1996a.

<sup>3</sup> Arnþór Garðarsson. 1998.

<sup>4</sup> Helgi Torfason, Árni Hjartarson, Haukur Jóhannesson, Ingvar Birgir Friðleifsson, Jón Jónsson og Kristján Sæmundsson. 1997.